

Fundargerð

Fundur í skólamálaráði 30.01.2002 í grunnskólanum.

Mættir: Líney Sigurðardóttir, Esther Ágústsdóttir, Heiðrún Óladóttir, Svala Sævarsdóttir, Þórir Jónsson, Sigríður Jónsdóttir, Björn Ingimarsson, Sigurður Jens Sverrisson og Hjördís M. Henriksen.

Dagskrá.

1. Mál. Jafnréttisnefnd.

Formaður ráðsins las tillögu frá Héraðsnefnd Þingeyinga þess efnis að Félagsmála- og barnaverndarnefnd verði falin störf jafnréttisnefndar. Nefndin samþykkir samhljóða.

2. Mál. Úrbætur v/ stærðfræðikennslu og agavandamál í skólanum.

Stærðfræðikennsla og leið til úrbóta en skólastjóri sagði frá lækkun meðaltalseinkunna í stærðfræði í skólanum á unglíngastigi. Að hluta er skýringa að leita í ónógri skiptikennslu einnig er e.t.v. skýring að hluta sú, að stærðfræðikennarinn er ekki sérhæfður í þeirri grein og spurning hvort kennarar ættu að skipta á kennslugreinum. Í foreldarviðtölum kom fram að foreldrar hafa rætt þessi mál og hafa haft áhyggjur af þessum málum. Agamál voru einnig í umræðu, einkum varðandi elstu bekkina og rætt um hvort foreldrar eigi að sitja í tímum annað veifið. Möguleikar til úrbóta: Tillaga um að Heiðrún skipti á dönsku og stærðfræðikennslu við Valdimar í 9. og 10. bekk og stuðningskennari komi í stærðfræðitíma til aðstoðar Valdimari. Þessi möguleiki verður kannaður til hlýtar.

3. Mál. Íþróttta- og sundkennsla í skólanum.

Orðrómur hefur verið í gangi um að íþróttakennslan sé ekki eins og best verður á kosið. Einar íþróttakennari mætti á fundinn við þessar umræður og ræddi málið, hann kannaðist ekki við mikið af frjálsum tímum nema tilfallandi þegar lítil mæting hefur verið vegna prófa eða veikinda nemenda. Ef vandamál varðandi aga eru viðvarandi þá er sú leið fyrir hendi að foreldrar komi inn í íþróttatíma, rétt eins og í bóklegum greinum, það er jákvætt sem samstarf milli heimila og skóla. Einnig rætt um umbunarkerfi inni í íþróttatímum og aðrar leiðir til úrbóta.

4. Mál. Félagsmál í tengslum við skólann.

Ábending frá foreldrum um að ekki sé nóg gert fyrir nemendur í félagsmálum. Skýring er einkum sú að á próftímum er ekki mikið um félagsmál. Áætlun verður birt um félagsmál á næstunni.

5. Mál. Svalbarðsskóli.

Ekki hefur komið skýrt fram hvort 8. bekkur kemur frá Svalbarðsskóla á næsta skólaári og hver framtíðarstefna er varðandi það. Mjög brýnt er, að þessi mál komist sem fyrst á hreint varðandi skipulagsmál og mannráðningar næsta skólaárs og óskar skólamálaráð eindregið eftir að niðurstaða fáiast sem fyrst.

6. Mál. Samræmd próf.

Samræmdu prófin í 4. og 7. bekk komu vel út og er ánægja með það.

7. Mál. Millihurð.

Langþráð millihurð er komin á milli tómsstundarstofu og 4. - 6. bekkjar stofu og sér skólamálaráð ástæðu til að þakka fyrir það.

8. Mál. Leikskóli.

Hjördís lýsir yfir vilja um að aldurstakmark barna eftir hádegi verði lækkað úr tveggja og hálfis árs niður í tveggja ára á leikskólanum. Hún skýrði einnig frá því að nýr starfsmaður hefði verið ráðinn í afleysingar á leikskólanum og í ræstingarnar sem undirmannað hefur verið í hingað til. Natalía

Krawtchouk uppfyllti öll skilyrði og var því ráðin.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Líney Sigurðardóttir, ritari.